

Maí 2024



# Sam-félag okkar allra

## Fram-tíð og stefna Íslands í málefnum inn-flytjenda

Hvít-bók í málefnum inn-flytjenda  
Drög að stefnu til ársins 2038

# Auðlesin útgáfa

**Útgefandi:**

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið

Samfélag okkar allra – framtíð og stefna Íslands í málefnum innflytjenda

Hvítbók í málefnum innflytjenda – Drög að stefnu til 2038

Maí 2024

frn@frn.is

www.frn.is

**Umbrot og textavinnsla:**

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið

©2024 Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið

Fjölmennt færði á auðlesið mál

ISBN 978-9935-513-31-1

# Efnisyfirlit

Hvít-bók – drög að stefnu .....	4
<b>1. Inngangur .....</b>	<b>6</b>
<b>2. Sam-félag okkar allra – fram-tíð og stefna Íslands í málefnum inn-flytjenda .....</b>	<b>11</b>
2.1 Fram-tíðar-sýn .....	12
2.2 Stór markmið.....	14
2.2.1 Heims-markmiðin .....	16
2.2.2 Stóra markmið 1 – Þátt-taka, jafn-rétti og fjöl-breyti-leiki.....	17
2.2.3 Stóra markmið 2 – Upp-lýsingar, aðgengi og þjónusta .....	33
2.2.4 Stórt markmið 3 – Sam-skipti og tungu-mál.....	50
<b>3. Viðaukar .....</b>	<b>62</b>
3.1 Yfir-lit yfir markmiðin og áhrif þeirra.....	62
3.2 Hug-tök.....	64

## Töfluskrá

Tafla 1 - Þrjú stór markmið stefnu í málefnum inn-flytjenda .....	14
Tafla 2 - Markmið undir stóra markmið 1.....	19
Tafla 3 - Markmið undir stóra markmiði 2 .....	35
Tafla 4 - Markmið undir stóra markmiði 3.....	53
Tafla 5 - Heildar yfirlit markmiða í stefnu í málefnum inn-flytjenda .....	63

# Hvít-bók – drög að stefnu

Hvít-bók er skjal sem ríkis-stjórn gefur út.

Í henni út-skýrir ríkis-stjórnin hvað hún ætlar að gera í ákveðnu máli.

Hvít-bók getur til dæmis fjallað um menntun eða umhverfis-mál.

Fyrst er skrifuð [græn-bók](#). Hún fjallar um stöðuna í dag. Þá er rætt við sam-tök og almenning og hug-myndum safnað.

Í hvít-bók segir ríkis-stjórn svo frá markmiðum sínum og hvaða áhrif hún vill hafa. Í hvít-bók er sett fram til-laga að stefnu.

Þessi hvít-bók fjallar um málefni inn-flytjenda. Inn-flytjendur á Íslandi er það fólk sem býr á Íslandi en er fætt annars staðar. Foreldrar þeirra og ömmur og afar eru heldur ekki fædd á Íslandi.

Hvít-bók á að hjálpa fólki að skilja ákveðið mál. Þá getur fólk myndað sér skoðun og tekið þátt í um-ræðum um málið. Öll geta sagt sína skoðun í samráðs-gátt stjórn-valda. Það er vef-síða sem ríkis-stjórnin notar til að heyra hvað fólki og sam-tökum finnst. Ef ríkis-stjórnin er sam-mála því sem fólk segir þá gerir hún breytingar. Þetta heitir opið sam-ráð.

Eftir opið sam-ráð er stefnan lögð fyrir Alþingi. Þegar Alþingi hefur sam-þykkt stefnuna getur ríkis-stjórnin fram-kvæmt hana. Það gerir hún með því að setja lög

og reglur. Ríkis-stjórnin býr líka til áætlun og byrjar á verk-efnum.

# 1. Inngangur

Í september 2021 voru Alþingis-kosningar á Íslandi. Þrír flokkar bjuggu til ríkis-stjórn saman. Það voru Fram-sóknar-flokkurinn, Sjálf-stæðis-flokkurinn og Vinstri-hreyfingin – grænt fram-boð. Þessi ríkis-stjórn ákvað að búa til stefnu um inn-flytjendur.

Það getur verið erfitt að flytja til annars lands. Ríkis-stjórnin vildi auð-velda inn-flytjendum að vera hluti af íslensku sam-félagi og að fá góða vinnu.

Alþingi ákvað líka að það ætti að búa til stefnu um mál inn-flytjenda, flóttu-fólks og fjöl-menningar.

- **Inn-flytjandi**: Mann-eskja sem býr á Íslandi en fæddist ekki á Íslandi. Foreldrar hennar og ömmur og afar fæddust ekki heldur á Íslandi.
- **Flóttu-fólk**: Fólk sem flytur frá heima-landi sínu því það er hrætt. Flóttu-fólk getur til dæmis verið hrætt við stríð. Sum eru hrædd um að verða fyrir of-beldi vegna þess hverju það trúir. Önnur eru hrædd vegna þess að þau eru hluti af hóp sem er beittur of-beldi.
- **Fjöl-menning**: Menning er orð yfir það hvernig við gerum hlutina. Margt er hluti af menningu. Til dæmis hvaða tungu-mál við tölum. Líka hvað við borðum og hvernig við klæðum okkur. Ólíkir hópar hafa ólíka menningu. Fjöl-menning er orð yfir sam-félag þar sem ólík menning er á sama stað. Öll eiga rétt á sinni menningu. Og að tilheyra fleiri en einni menningu.

Inn-flytjendur og flóttta-fólk eru alls staðar í sam-félaginu. Þau eru í skólum. Þau eru í vinnu. Þau eiga vini og fjölskyldur. Til þess að búa til góða stefnu um málefni inn-flytjenda þarf að safna miklum upp-lýsingum. Og hafa góða þekkingu. Enginn einn veit allt um inn-flytjendur.

Þess vegna er þessi hvít-bók skrifuð af hópi fólks. Ríkis-stjórnin valdi nokkur í hópinn. Aðrir völdu líka í hópinn. Fólk í hópnum talaði við marga inn-flytjendur. Þannig gátu inn-flytjendur sagt sína skoðun og haft áhrif. Hópurinn talaði líka við sér-fræðinga. Til dæmis fólk sem vinnur með inn-flytjendum.

Til að vita hvort aðgerðir virki þarf að mæla árangurinn. Efna-hags- og fram-fara-stofnunin (OECD) hjálpar til við það.

Málefni inn-flytjenda eru mörg og alls konar. Þess vegna þarf að hafa þau í huga þegar við skipu-leggjum menntun. Líka þegar við ákveðum hvernig borgir og bæir eiga að vera. Og þegar við gerum áætlun fyrir íslenska tungu-málið.

## Hug-tök

Hug-tök eru orðin sem við notum um hluti og hug-myndir. Það skiptir máli að þau séu skýr. Þannig vitum við um hvað er verið að tala. Og hvað fólk meinar. Síðustu ár hafa margir nýir inn-flytjendur komið til Íslands. Málefni þeirra breytast hratt því það kemur ólíkt fólk með ólíkar þarfir.

Það er líka stutt síðan rannsóknir á inn-flytjendum byrjuðu. Þess vegna erum við enn að læra hvaða orð

við eigum að nota. Mörg þeirra eru skil-greind í textanum sjálfum. Eins og inn-flytjendur, flótta-fólk og fjöl-menning hérna áðan. Í kaflanum sem er merkur 3.2 er að finna skýringar á helstu orðunum í þessu skjali.

## Helstu við-fangs-efni

Hópurinn sem skrifaði þessa hvít-bók ákvað að tíu við-fangs-efni væru mikil-vægust. Það eru þessi hér:

1. Inn-flytjendur og flótta-fólk eiga að fá góðar upp-lýsingar um hvað þau eiga að gera. Og hverju þau eiga rétt á.
2. Það þarf að vera góð kennsla í íslensku fyrir öll þau sem eiga önnur móður-mál.
3. Á Íslandi eru mörg störf sem þarf að vinna. Við þurfum að vita hvaða störf þetta eru. Þá vitum við hvaða tæki-færi eru fyrir inn-flytjendur.
4. Margir inn-flytjendur hafa lært í útlöndum. Þá reynslu þarf að meta þegar fólk flytur til Íslands.
5. Sam-félagið á að vera inn-gildandi. Það þýðir að öll geti tekið þátt og verið með.
6. Inn-flytjendur eiga að vera með í að taka ákvarðanir.
7. Það á að minnka fátækt inn-flytjenda.
8. Inn-flytjendur eiga að taka þátt í lýð-ræðinu. Það þýðir að þeir geti bæði kosið og boðið sig fram. Inn-flytjendur eiga að njóta sömu réttinda og aðrir.
9. Það þarf að gera fleiri rannsóknir á málefnum inn-flytjenda og flótta-fólks. Þær á að nota til að bæta þjónustu fyrir inn-flytjendur og flótta-fólk.



10. Flóttta-fólk á að fá stuðning svo það geti kallað Ísland heimili sitt. Flóttta-fólk á að geta tekið þátt í sam-félaginu. Og lifað sjálf-stæðu lífi eins og það vill hafa það. Þau sem þurfa meiri stuðning eiga að fá hann.

Þessir 10 punktar koma meðal annars úr græn-bókinni sem var skrifuð fyrst. Græn-bókin lýsti því vel hvernig inn-flytjendur og flóttta-fólk hefur það á Íslandi.

Það var ekki hægt að fjalla um allt.

Græn-bókin kom út á 3 tungu-málum. Þau voru íslenska, enska og pólska. Það var til þess að sem flestir gætu lesið hana og sagt sína skoðun.

20 sam-tök og hópar sögðu sína skoðun. Flest voru ánægð með að nú ætti að búa til stefnu í málefnum inn-flytjenda.

Þau sögðu líka að það væri mikil-vægt að hafa stefnu. Þannig verða aðgerðir betri.

Sam-félagið á Íslandi er að breytast mjög hratt. Margt fólk flytur hingað frá útlöndum. Inn-flytjendur verða stærri og stærri hluti af þjóðinni.

Það fylgja því áskoranir þegar sam-félagið breytist hratt. Til dæmis þarf að styðja inn-flytjendur vel. Og byggja upp gott sam-félag sem tekur vel á móti þeim.

Þessi stefna í málefnum inn-flytjenda á að passa að tekið sé til-lit til inn-flytjenda. Alveg eins og tekið er

til-lit til annarra hópa. Markmiðið er að öll hafi jöfn tæki-færi. Og að öll geti tekið þátt.

## 2. Sam-félag okkar allra – fram-tíð og stefna Íslands í málefnum inn-flytjenda

Stefnan sem þessi hvít-bók fjallar um byggir á ákveðinni fram-tíðar-sýn.

Fram-tíðar-sýn er það hvernig við viljum að hlutirnir séu í fram-tíðinni.

Fram-tíðar-sýnin lýsir því hvaða árangur á að nást. Og hvaða áhrif stefnan á að hafa.

Þessi fram-tíðar-sýn er að búa til sam-félag þar sem öll hafa jöfn tæki-færi.

Hvort sem þau fæddust á Íslandi eða ekki. Eða hvort for-eldrar þeirra eru íslenskir eða ekki.

Þegar stjórn-völd taka ákvarðanir eiga þau að hafa þetta í huga. Þessi stefna gildir frá árinu 2024 til ársins 2038. Þetta er í fyrsta sinn sem stjórn-völd setja stefnu um málefni inn-flytjenda.

Mundu að í hvít-bók er bara sett fram til-laga að stefnu. Fólk og hópar fá svo að segja sína skoðun. Loks leggur ríkis-stjórnin stefnuna fyrir Alþingi til að sam-þykkja.

Þá verður líka búið að gera fram-kvæmda-áætlun. Þar stendur skýrt **hvað** á að gera. Þar stendur **hver** á að gera hvað. Þar stendur líka **hvenær** á að fram-kvæma hlutina.

## 2.1 Fram-tíðar-sýn

Á Íslandi búa 75.000 inn-flytjendur. 1 af hverjum 5 sem búa á Íslandi er inn-flytjandi. Árið 2000 voru inn-flytjendur 7.000.

Það hefur því mikið breyst á stuttum tíma. Þess vegna hefur ekki verið til stefna um málefni inn-flytjenda.

Fram-tíðar-sýnin byggir á lýð-ræði, jafn-rétti og mann-réttindum. Það er líka búið að tala við margt fólk og skoða hvernig inn-flytjendur hafa það.

Fram-tíðar-sýnin á að hjálpa okkur að taka góðar ákvarðanir í málefnum inn-flytjenda.

### **Hvernig vill ríkis-stjórnin að Ísland verði í fram-tíðinni fyrir inn-flytjendur?**

Ríkis-stjórnin vill að á Íslandi sé fjöl-menning. Öll eiga að hafa rétt á sinni menningu. Öll eiga að geta tekið þátt í sam-félaginu. Öll eiga að geta fengið vinnu.

Inn-flytjendur eiga að vera hluti af sam-félaginu á Íslandi. Við erum öll ólík og fólk á að bera virðingu fyrir ólíkri menningu. Á Íslandi á að styðja við það að öll geti tekið þátt.

Inn-flytjendur eiga að hafa fjöl-breytt tæki-færi til að læra Íslensku. Og nota hana í sínu dag-lega lífi. Námið á að vera gott og þannig að öll geti lært.

Stefna Íslands í málefnum inn-flytjenda á að byggja á lýð-ræði, jafn-rétti og mann-réttindum.

## Fram-tíðar-sýnin er til þess að bæta sam-félagið

Með fram-tíðar-sýn er verið að búa sig undir það sem gerist seinna. Þá er hægt að gera það sem þarf til að búa til gott sam-félag og jöfn tæki-færi. Og koma í veg fyrir vanda-mál. Þetta er erfitt án fram-tíðar-sýnar. Þá koma vanda-mál upp fyrst. Svo þarf að leysa þau.

Til dæmis er markmiðið að inn-flytjendur læri íslensku og geti notað hana. Þá fá þeir fleiri tæki-færi og geta tekið meiri þátt. Sam-félagið á að hjálpa þeim með þetta.

Í dag hafa inn-flytjendur það ekki eins gott og þau sem eru fædd á Íslandi. Þetta þarf að laga. Ef ekkert er gert getur þessi munur orðið meiri. Þá verða til tvö sam-félög. Eitt fyrir inn-flytjendur og annað fyrir þau sem eru ekki inn-flytjendur. Við köllum þau **inn-lend**.

Þessi tvö sam-félög yrðu ekki jöfn. Inn-flytjendur geta þá ekki tekið þátt í sam-félagi inn-lendra. Þá fá þeir færri tæki-færi og hafa ekki sömu réttindi.

Fram-tíðar-sýnin á að passa að þetta gerist ekki.

## 2.2 Stór markmið

Fram-tíðar-sýnin hefur þrjú stór markmið. Þegar búið er að ná þeim er fram-tíðar-sýnin orðin að veruleika. Þau eru:

### Tafla 1 - Þrjú stór markmið stefnu í málefnum inn-flytjenda

1	<b>Þátt-taka og fjöl-breyti-leiki</b> Inn-flytjendur eiga að vera hluti af sam-félaginu. Og geta tekið þátt. Sam-félagið á að vera fjöl-breytt. Og sýna ólíkri menningu virðingu. Öll eiga að hafa rétt á sinni menningu. Og öll eiga að hafa jöfn tæki-færi.
2	<b>Upp-lýsingar, aðgengi og þjónusta</b> Sam-félagið á að geta stutt ólíka hópa. Þar á meðal ólíka hópa inn-flytjenda. Til dæmis fólk frá ólíkum löndum eða heims-hlutum. Eða fólk með ólík trúar-brögð. Inn-flytjendur eiga að geta fengið þær upp-lýsingar sem þeir þurfa.
3	<b>Sam-skipti og tungu-mál</b> Börn og full-orðnir eiga að geta fengið góða kennslu í íslensku. Kennslan á að henta öllum. Inn-flytjendur eiga að geta talað íslensku. Til dæmis í dag-legu lífi. Og í skólanum eða vinnunni.

Það getur verið erfitt að mæla hvort stóru markmiðin hafa náðst. Þess vegna hefur stóru markmiðunum verið skipt upp í nokkur mælan-leg markmið. Stóru markmiðin eru merkt með einum tölu-staf. 1, 2 og 3.

Mælan-legu markmiðin eru merkt með tveimur tölustöfum. Til dæmis. 1.1 og 2.5. Þessi markmið er hægt að mæla og nota til að sjá árangur.

## Mæli-kvarðar

Undir hverju markmiði eru mæli-kvarðar. Með því að nota mæli-kvarðana er hægt að sjá hvort það sé búið að ná minni markmiðunum.

Mæli-kvarðarnir snúast oft um hlut-föll. Það er til dæmis hve stór hluti ákveðins hóps nýtir sér einhverja þjónustu. Eða hve stór hluti ákveðins hóps eru inn-flytjendur. Til dæmis þeirra sem klára nám í háskóla.

Þegar það er búið að ná öllum mælan-legu markmiðunum er um leið búið að ná stóru markmiðunum. Þá er fram-tíðar-sýnin líka orðin að veru-leika.

## 2.2.1 Heims-markmiðin

Sam-einuðu þjóðirnar er stofnun þar sem þjóðir í heiminum hittast til að ræða og komast að samkomu-lagi um mikil-væg mál sem varða okkur öll. Sam-einuðu þjóðirnar hafa sett heims-markmið um sjálf-bæra þróun.

Þau eru vanalega kölluð bara „heims-markmiðin“. Heims-markmiðin eru alls-konar. Þau miða að því að gera heiminn betri.

Þessi stefna í málefnum inn-flytjenda hjálpar til við að ná þessum heims-markmiðum:





## 2.2.2 Stóra markmið 1 – Þátt-taka, jafn-rétti og fjöl-breyti-leiki

1 Inn-flytjendur eiga að vera hluti af sam-félaginu. Og geta tekið þátt. Sam-félagið á að vera fjöl-breytt og sýna ólíkri menningu virðingu. Öll eiga að hafa rétt á sinni menningu. Öll eiga að hafa jöfn tæki-færi.

- Á Íslandi eru inn-flytjendur hluti af sam-félagi sem er inn-gildandi. Ísland á að vera fjöl-menning.
- Í inn-gildandi sam-félagi geta öll tekið þátt. Til þess þarf að virða jafn-rétti og mann-réttindi. Það þarf líka að gera ráð fyrir að fólk sé ólíkt. Þá geta öll tekið þátt.
- Fjöl-breytt sam-félag þróast betur. Það á að virða fjöl-breyti-leikann.
- Inn-gildandi sam-félag minnkar ó-jöfnuð og fátækt.
- Það á að hvetja fólk til að taka þátt í sam-félaginu. Til dæmis með því að kjósa eða segja sína skoðun. Inn-flytjendur eiga að fá sömu tæki-færi og aðrir. Ríkið og sveitar-félögin eiga að vera til fyrir-myndar í þessu.

Markmið 1 snýst um þátt-töku og fjöl-breytni. Það er grunnurinn að inn-gildandi sam-félagi. Inn-flytjendur og sam-félagið bera ábyrgð á því saman.

Inn-flytjendur eiga að geta tekið þátt. Og sam-félagið á að taka vel á móti þeim. Þannig geta öll fengið jöfn

tæki-færi. Bæði þau sem eru fædd á Íslandi og þau sem fæddust í útlöndum.

Inn-gilding snýst um að öll séu hluti af sam-félaginu. Þá verður sam-félagið fjöl-breytt. Það þarf að passa að úti-loka engan og styðja þau sem flytja hingað.

Svona er þetta ekki í dag. Inn-flytjendur eru almennt fátækari en inn-lendir. Margir inn-flytjendur fá ekki störf sem henta þeim. Of fáir inn-flytjendur taka þátt í kosningum.

Markmiðið er að breyta þessu. Þá verða inn-flytjendur ekki fátækari en inn-lendir. Inn-flytjendur fá þá störf sem henta þeim. Inn-flytjendur taka þá jafnan þátt í kosningum.

Það er erfitt að meta hvort sam-félag sé inn-gildandi eða ekki. Ólíkt fólk upp-lifir það á ólíkan hátt. Sumum finnst þau tilheyra en önnur upp-lifa sig út-undan. Þetta kallast hug-lægt mat.

Sumt er hægt að mæla og setja fram í tölum. Það eru hlutir eins og hversu margir kjósa eða bjóða sig fram. Þegar hægt er að mæla eitthvað með þessum hætti er það kallað hlut-lægt mat.

Munurinn á hug-lægu mati og hlut-lægu mati er þessi: Hvort þér finnst kartöflur góðar er hug-lægt. Það fer kannski eftir því hvernig þær eru eldaðar. Og það sem einum finnst gott getur öðrum þótt vont. Hversu margar kartöflur eru á disknum þínum er hlut-lægt. Þá skiptir ekki máli hvað ólíku fólki finnst. Ef það eru fimm kartöflur á disknum þínum þá eru þær fimm.

Þó það sé erfitt að meta inn-gildinguna hug-lægt er hægt að gera það hlut-lægt. Hér á eftir koma sex markmið undir stóra markmiði 1 sem öll eru mælanleg. Markmiðin lýsa því hvernig staðan ætti að vera árið 2038.

## Tafla 2 - Markmið undir stóra markmiði 1

- 1.1 Inn-flytjendur taka virkan þátt í kosningum á Íslandi. Þátt-taka inn-flytjenda á að vera eins og hjá inn-lendum.
- 1.2 Inn-flytjendur hafa jöfn tæki-færi og aðrir til að taka þátt í sam-félaginu.
- 1.3 Fólk hefur gott viðhorf til inn-flytjenda. Fólk veit hvað fjöl-menning og inn-gilding er.
- 1.4 Inn-flytjendur eru ekki fátækari en aðrir.
- 1.5 Inn-flytjendur vinna hjá ríkinu og sveitar-félögum.
- 1.6 Ríkis-útvarpið sýnir að sam-félagið sé fjöl-breytt.

### Markmið 1.1

Inn-flytjendur taka virkan þátt í kosningum á Íslandi. Þátt-taka inn-flytjenda á að vera eins og hjá inn-lendum.

### Tilgangur og áhrif markmiðs

Á Íslandi er lýð-ræði. Það þýðir að fólkið í landinu ræður. Á Íslandi gerum við það með því að kjósa. Stundum kjósum við um til-tekið mál. Það heitir þjóðar-atkvæðis-greiðsla. Oftast kjósum við okkur

full-trúa. Til dæmis á Alþingi í alþingis-kosningum. Eða forseta í forseta-kosningum.

Bara þau sem hafa íslenskan ríkis-borgara-rétt mega taka þátt í þessum kosningum. Það þýðir að bara íslenskir ríkis-borgarar mega kjósa eða bjóða sig fram. Fæstir inn-flytjendur hafa íslenskan ríkis-borgara-rétt. Það tekur langan tíma að fá hann.

Í sveitar-stjórnar-kosningum eru skil-yrðin ekki eins ströng. Margir inn-flytjendur mega kjósa og bjóða sig fram í sveitar-stjórnar-kosningum.

Inn-flytjendur eru 1 af hverjum 5 sem búa á Íslandi. En inn-flytjendur eru ekki 1 af hverjum 5 sem taka þátt í kosningum. Þessu á að breyta. Þá geta inn-flytjendur haft meiri áhrif á Íslandi.

Til að breyta þessu þarf að fræða inn-flytjendur um rétt sinn. Það þarf líka að hvetja þau sem hafa áhuga til að taka þátt. Annað sem hægt er að gera er að vera með inn-flytjenda-ráð. Þannig geta inn-flytjendur líka sagt sína skoðun.

## Hverjir eru mæli-kvarðarnir fyrir þetta markmið?

A. Hlut-fall inn-flytjenda sem kys í kosningum.

**a. Hver er staðan árið 2024?**

42% inn-flytjenda kusu í síðustu sveitar-stjórna-kosningum.

16,6% inn-flytjenda kusu í síðustu alþingis-kosningum.

Við vitum ekki hversu margir inn-flytjendur kusu í síðustu forseta-kosningum.

**b. Hver á staðan að vera árið 2038?**

Inn-flytjendum sem kjósa ætti að fjölga um 25%.

**c. Hver ber ábyrgð á þessum mæli-kvarða?**

Hag-stofa Íslands mælir þetta í hag-tölum um inn-flytjendur.

**B. Hlut-fall inn-flytjenda í sveitar-stjórnnum og á Alþingi.****a. Hver er staðan árið 2024?**

1.5% sveitar-stjórna-manna eru inn-flytjendur.

Enginn alþingis-maður er inn-flytjandi.

**b. Hver á staðan að vera árið 2038?**

Inn-flytjendur ættu að vera 1 af hverjum 10 í sveitar-stjórnnum. 5 alþingis-menn ættu að vera inn-flytjendur. Það eru 8% þing-manna.

**c. Hver ber ábyrgð á þessum mæli-kvarða?**

Hag-stofa Íslands mælir þetta í hag-tölum um inn-flytjendur.

**C. Hlut-fall inn-flytjenda af þeim sem bjóða sig fram í kosningum.****a. Hver er staðan árið 2024?**

Í síðustu kosningum voru inn-flytjendur 4,4% fram-bjóðenda í sveitar-stjórna-kosningum. Og 3,7% í síðustu alþingis-kosningum.

**b. Hver á staðan að vera árið 2038?**

Hlut-fall inn-flytjenda af fram-bjóðendum ætti að vera það sama og hlut-fall inn-flytjenda á Íslandi.

- c. Hver ber ábyrgð á þessum mæli-kvarða?  
Hag-stofa Íslands mælir þetta í hag-tölum um inn-flytjendur.
- D. Fjöldi inn-flytjenda-ráða hjá ríki og sveitar-félögum.
- a. Hver er staðan árið 2024?  
Ríkið og 2 sveitar-félög eru með inn-flytjenda-ráð.
- b. Hver á staðan að vera árið 2038?  
Ríkið á að hafa inn-flytjenda-ráð. Líka öll sveitar-félög þar sem 5.000 eða fleiri búa. Í dag eru það 11 sveitar-félög. Árið 2038 ættu því að vera í það minnsta 12 inn-flytjenda-ráð.
- c. Hver ber ábyrgð á þessum mæli-kvarða?  
Félags- og vinnu-markaðs-ráðuneytið.

## Markmið 1.2

Inn-flytjendur ættu að hafa jöfn tæki-færi og aðrir til að taka þátt í sam-félaginu

### Tilgangur og áhrif markmiðs

Fólki líður betur þegar það tekur virkan þátt í sam-félaginu. Það hefur líka góð áhrif á and-lega og líkam-lega heilsu þeirra.

#### Börn:

Börn og ung-menni taka oft þátt í skipu-lögðum íþróttum. Og öðrum tóm-stundum. Þar læra þau að vera innan um aðra. Íþróttir og tóm-stundir eru líka góð fyrir sjálfs-mynd þeirra. Þá líður þeim betur með sig.

Íþróttir og tóm-stundir eru mjög mikil-væg fyrir börn sem flytja til Íslands. Þau geta þau æft sig í íslensku. Og lært margt annað í leiðinni.

### **Ung-menni:**

Það er ekki gott þegar ung-menni eru ekki í skóla. Eða vinnu. Þá fá þau færri tæki-færi þegar þau verða eldri. Þau geta átt erfitt með að fá vinnu til dæmis. Þau geta líka ein-angrast. Til dæmis átt fáa eða enga vini. Og verið lítið innan um annað fólk. Ef allt fer á versta veg gætu þau orðið ein-mana og fátæk. Þess vegna skiptir máli að fylgjast vel með ung-menum og hjálpa þeim.

Stundum er talað um fólk sem er ekki í skóla, vinnu eða starfs-þjálfun sem **NEET**. Það er enska og stendur fyrir „Not in education, employment, or training“.

### **Full-orðnir:**

Full-orðnir taka mest þátt í sam-félaginu með því að vinna. Inn-flytjendur á Íslandi eru meira í vinnu en inn-flytjendur á öðrum norður-löndum. Það bendir til þess að íslenskt sam-félag sé inn-gildandi. Það má samt gera betur. Inn-flytjendur missa oft vinnuna en inn-lendir.

### **Flótt-fólk:**

Flótt-fólk á oft mjög erfitt þegar það flytur fyrst til nýs lands. Það þarf oft lengri tíma til að byrja að taka þátt í sam-félaginu. Og meiri að-stöð. Þess vegna er best að mæla þátt-töku flótt-fólks fyrst þegar það hefur búið í fimm ár á Íslandi.

### **Hverjir eru mæli-kvarðarnir fyrir þetta markmið?**

- A. Hlut-fall inn-flytjenda-barna sem tekur þátt í íþróttum og tóm-stundum.

**a. Hver er staðan árið 2024?**

Upp-lýsingarnar eru í íslensku æsku-lýðs-rannsókninni. Það á eftir að finna ná-kvæma tölu.

**b. Hver á staðan að vera árið 2038?**

Börn inn-flytjenda ættu að taka jafn mikinn þátt og börn inn-lendra. Það þýðir að hlut-fallið eigi að vera það sama.

**c. Hver ber ábyrgð á þessum mæli-kvarða?**

Mennta- og barna-mála-ráðuneytið.

**B. Hlut-fall kvenna sem eru inn-flytjendur sem eru í vinnu.****a. Hver er staðan árið 2024?**

Það er mis-jafnt eftir hópum.

64,9% kvenna sem flytja til Íslands eru í vinnu. Við köllum þær fyrstu kyn-slóð inn-flytjenda.

Börnin þeirra sem fæðast á Íslandi eru svo önnur kyn-slóð inn-flytjenda. 72,7% kvenna sem eru inn-flytjendur af annarri kyn-slóð eru í vinnu.

44% flótta-kvenna eru í vinnu.

73,9% inn-lendra kvenna eru í vinnu.

**b. Hver á staðan að vera árið 2038?**

Öll þessi hlut-föll ættu að vera jöfn. Það á að mæla hlut-fall flótta-kvenna sem hafa búið á Íslandi í fimm ár.

Hver ber ábyrgð á þessum mæli-kvarða?

Hag-stofa Íslands mælir þetta í hag-tölum um inn-flytjendur.



- C. Hlut-fall flótta-fólks sem er í vinnu eftir fimm ár.
- Hver er staðan árið 2024?**  
82% fólks er í vinnu. 55% flótta-fólks er í vinnu eftir fimm ár á Íslandi.
  - Hver á staðan að vera árið 2038?**  
Hlut-fall flótta-fólks í vinnu á að aukast um 15%.
  - Hver ber ábyrgð á þessum mæli-kvarða?**  
Félags- og vinnu-markaðs-ráðuneytið fylgist með þessu.
- D. Atvinnu-leysi inn-flytjenda.
- Hver er staðan árið 2024?**  
Inn-flytjendur eru 18,5% af íbúum landsins. 55% af þeim sem eru atvinnu-laus eru inn-flytjendur. 57% af þeim sem hafa verið atvinnu-laus mjög lengi eru inn-flytjendur.
  - Hver á staðan að vera árið 2038?**  
Öll þessi hlut-föll ættu að vera jöfn.
  - Hver ber ábyrgð á þessum mæli-kvarða?**  
Vinnu-mála-stofnun.
- E. Hlut-fall inn-flytjenda af þeim sem eru ekki í skóla, vinnu eða starfs-þjálfun. (NEET-hópurinn)
- Hver er staðan árið 2024?**  
Hér er miðað við fólk á aldrinum 16-24 ára. Inn-flytjendur eru 18% af þessum hópi. Af 16-24 ára gömlu fólki sem er ekki í skóla, vinnu eða starfs-þjálfun eru inn-flytjendur 13%.
  - Hver á staðan að vera árið 2038?**  
Hlut-fall inn-flytjenda á aldrinum 16-24 ára sem eru ekki í skóla, vinnu eða starfs-þjálfun á ekki að vera hærra en hlut-fall

inn-flytjenda af 16-24 ára gömlu fólki almennt.

- c. Hver ber ábyrgð á þessum mæli-kvarða?  
Hag-stofan mælir þetta í hag-tölum um inn-flytjendur.

F. Rannsókn á þátt-töku og líðan inn-flytjenda.

- a. Hver er staðan árið 2024?  
Þetta á eftir að rannsaka. Rannsóknin verður gerð tvisvar á árunum 2024-2038.
- b. Hver á staðan að vera árið 2038?  
Árið 2038 eigum við að vita hvernig inn-flytjendum líður. Og hvað þeir taka mikinn þátt í sam-félaginu.
- c. Hver ber ábyrgð á þessum mæli-kvarða?  
Félags- og vinnu-markaðs-ráðuneytið sér um þessar rannsóknir.

## Markmið 1.3

Fólk hefur gott viðhorf til inn-flytjenda. Fólk veit hvað fjöl-menning og inn-gilding er.

### Tilgangur og áhrif markmiðs

Það skiptir máli að inn-flytjendur upp-lifi að þeir séu vel-komnir á Íslandi. Og að þeir séu hluti af sam-félaginu. Þessi upp-lifun veltur meðal annars á því hvaða viðhorf mæta inn-flytjendum. Og líka hvaða viðhorf inn-flytjendur hafa.

Viðhorf inn-flytjenda eru skoðuð í markmiði 1.2. Í þessu markmiði eru viðhorf inn-lendra skoðuð. Frá árinu 2017 hefur verið gerð könnun sem heitir „Afstaða

almennings til inn-flytjenda-mála“. Könnunin er gerð á tveggja ára fresti.

Í könnuninni er spurt hvað fólki finnst. Til dæmis um fjölda inn-flytjenda. Og hvaða áhrif það telur inn-flytjendur hafa á sam-félagið.

Svona verður fylgst með viðhorfum til inn-flytjenda. Þá er hægt sjá ef það verða breytingar. Breytingarnar geta verið bæði góðar og slæmar. Ef breytingarnar eru slæmar þá er hægt að bregðast við þeim.

### Hverjir eru mæli-kvarðarnir fyrir þetta markmið?

- A. Könnunin „Afstaða almennings til inn-flytjenda-mála“ verður gerð á tveggja ára fresti. Næst árið 2025.
  - a. Hver er staðan árið 2024?  
Síðasta könnun var gerð í desember árið 2023.
  - b. Hver á staðan að vera árið 2038?  
Niður-stöðurnar eiga að vera jafn góðar eða betri en árið 2023.
  - c. Hver ber ábyrgð á þessum mæli-kvarða?  
Félags- og vinnu-markaðs-ráðuneytið.

## Markmið 1.4

Inn-flytjendur eru ekki fátækari en aðrir.

### Tilgangur og áhrif markmiðs

Fátækt er þegar maður á ekki næga peninga fyrir nauð-synjum. Nauð-synjar eru til dæmis matur, lyf og hús-næði.

Það er ekki gott fyrir fólk að búa við fátækt. Fátækt fólk hefur færri tæki-færi. Og ræður sér ekki eins mikið sjálft.

Stjórn-völd vilja minnka fátækt. Inn-flytjendur eru oftari fátækir en aðrir. Það er til dæmis vegna þess að sumir þeirra tala ekki mikla íslensku. Eða vegna þess að menntun þeirra er ekki tekin gild. Það er líka vegna þess að stundum þekkja þeir ekki rétt-indi sín.

Ekki allir inn-flytjendur eru fátækir. Margir inn-flytjendur eru samt með lág laun miðað við aðra hópa í sam-félaginu.

Inn-flytjendur hafa sem sagt færri tæki-færi. Þess vegna eru þeir oft í viðkvæmri stöðu. Þessu þarf að fylgjast vel með og laga.

### Hverjir eru mæli-kvarðarnir fyrir þetta markmið?

A. Hlut-fall inn-flytjenda með lág laun.

a. Hver er staðan árið 2024?

Nýjustu tölur eru frá árinu 2020. Þá voru 28,5% inn-flytjenda með lág laun.

- b. **Hver á staðan að vera árið 2038?**  
Hluti inn-flytjenda með lág laun á að minnka um fjórðung. Eða meira.
- c. **Hver ber ábyrgð á þessum mæli-kvarða?**  
Hag-stofan mælir þetta í hag-tölum um inn-flytjendur.

B. Hversu fátækir inn-flytjendur eru.

- a. **Hver er staðan árið 2024?**  
Nýjustu tölur eru frá árinu 2020.  
Meira en helmingur fátækra inn-flytjanda eru mjög fátækir.
- b. **Hver á staðan að vera árið 2038?**  
Hlut-fall fátækra inn-flytjenda á að minnka. Fátækir inn-flytjendur eiga ekki að vera fátækari en annað fátækt fólk.
- c. **Hver ber ábyrgð á þessum mæli-kvarða?**  
Hag-stofan mælir þetta í hag-tölum um inn-flytjendur.

## Markmið 1.5

Inn-flytjendur vinna hjá ríkinu og sveitar-félögum.

### Tilgangur og áhrif markmiðs

Inn-flytjendur eiga að hafa sömu tæki-færi og aðrir. Meðal annars til að fá vinnu sem hentar þeim. Ríkið og sveitar-félög eiga að vera fyrir-mynd fyrir aðra vinnu-staði í þessu. Í fjöl-breyttu sam-félagi skiptir máli að fjöl-breytt fólk vinni hjá ríkinu og sveitar-

félögum. Ríkið og sveitar-félög þurfa að skoða hvaða hindrunum inn-flytjendur mæta. Og breyta þeim svo. Það býr til fleiri tæki-færi fyrir inn-flytjendur. Það er líka gott fyrir sam-félagið að reynsla og menntun inn-flytjenda nýtist. Hún gerir það ekki alltaf.

### Hverjir eru mæli-kvarðarnir fyrir þetta markmið?

- A. Hlut-fall inn-flytjenda sem vinna hjá ríkinu.  
Skoða hvaða störf þeir vinna.
  - a. Hver er staðan árið 2024?  
Það er verið að safna þessum upplýsingum.
  - b. Hver á staðan að vera árið 2038?  
Hlut-fall inn-flytjenda sem vinna hjá ríkinu á að vera jafnt hlut-falli inn-flytjenda í sam-félaginu.
  - c. Hver ber ábyrgð á þessum mæli-kvarða?  
Kjara- og mann-auðs-sýsla ríkisins.
- B. Hlut-fall inn-flytjenda sem vinna hjá sveitar-félögum. Skoða hvaða störf þeir vinna.
  - a. Hver er staðan árið 2024?  
Það á eftir að taka þetta saman.
  - b. Hver á staðan að vera árið 2038?  
Hlut-fall inn-flytjenda sem vinna hjá sveitar-félögum á að vera jafnt hlut-falli inn-flytjenda í sam-félaginu.
  - c. Hver ber ábyrgð á þessum mæli-kvarða?  
Sam-band íslenskra sveitar-félaga.

## Markmið 1.6

### Ríkis-útvarpið sýnir að sam-félagið sé fjöl-BREY

#### Tilgangur og áhrif markmiðs

Inn-flytjendur þurfa góðar fyrir-myndir. Til þess þurfa inn-flytjendur að vera sýni-legir. Sam-félagið þarf líka að sjá að inn-flytjendur eru fjöl-breyttur hópur. Alveg eins og allir aðrir hópar. Til dæmis börn, gamalt fólk, konur og karlar.

Fjöl-miðlar eru góð leið til að sýna sam-félaginu fjöl-breytt fólk. Stærsti fjöl-miðill landsins er Ríkis-útvarpið. Það er oftast kallað RÚV. RÚV rekur sjónvarps-stöð. Og útvarps-stöðvarnar Rás 1 og Rás 2. RÚV er líka með mjög vin-sæla vef-síðu.

Á stöðvum RÚV eru sagðar fréttir. Íþrótt-leikir eru sýndir. Líka sjónvarps-þættir og bíó-myndir. RÚV fjallar líka um menningu og listir. Og sam-félags-mál.

RÚV er almanna-miðill sem íslenska ríkið á. RÚV á að vera fyrir öll sem búa á Íslandi. Þar með talið inn-flytjendur. Það þýðir að RÚV ber meiri ábyrgð en aðrir fjöl-miðlar. RÚV á að vera til fyrir-myndar. Til dæmis með því að sýna hvað íslenskt sam-félag er fjöl-breytt.

RÚV ætlar að sýna fjöl-breytnina með því að skapa fleiri tæki-færi fyrir inn-flytjendur. Til dæmis með því að fá inn-flytjendur oftari í við-töl. Og með því að fá inn-flytjendur til að búa til þætti. Bæði fyrir sjónvarp og útvarp.

## Hverjir eru mæli-kvarðarnir fyrir þetta markmið?

- A. Hlut-fall inn-flytjenda af þeim sem fara í við-tal hjá RÚV.
- Hver er staðan árið 2024?**  
Það á eftir að telja það.
  - Hver á staðan að vera árið 2038?**  
Að 15% þeirra sem fara í við-tal hjá RÚV séu inn-flytjendur.
  - Hver ber ábyrgð á þessum mæli-kvarða?**  
RÚV og Hag-stofa Íslands.
- B. Hlut-fall inn-flytjenda af þeim sem búa til þætti á RÚV.
- Hver er staðan árið 2024?**  
Það á eftir að telja það.
  - Hver á staðan að vera árið 2038?**  
Að 10% þeirra sem búa til þætti á RÚV séu inn-flytjendur.
  - Hver ber ábyrgð á þessum mæli-kvarða?**  
RÚV og Hag-stofa Íslands.
- C. Mæla hvort inn-flytjendur sem fara í við-tal hjá RÚV tali um inn-flytjendamál. Eða önnur mál.
- Hver er staðan árið 2024?**  
Það á eftir að mæla það.
  - Hver á staðan að vera árið 2038?**  
Að inn-flytjendur tali jafnt um mál inn-flytjenda og önnur mál á RÚV.
  - Hver ber ábyrgð á þessum mæli-kvarða?**  
RÚV og Hag-stofa Íslands.



## 2.2.3 Stóra markmið 2 – Upp-lýsingar, aðgengi og þjónusta

2 Sam-félagið á að geta stutt ólíka hópa. Þar á meðal ólíka hópa inn-flytjenda. Til dæmis fólk frá ólíkum löndum eða heims-hlutum. Eða fólk með ólík trúar-brögð. Inn-flytjendur eiga að geta fengið þær upp-lýsingar sem þeir þurfa.

- Inn-flytjendur þurfa gott aðgengi að upp-lýsingum. Þá geta þeir nýtt tæki-færi sín. Bæði í vinnu og í sam-félaginu.
- Þetta eru til dæmis upp-lýsingar um íslenskt sam-félag. Opin-bera þjónustu. Réttindi og skyldur. Þessar upp-lýsingar á að birta á auð-skildu máli. Og á nokkrum tungu-málum.
- Upp-lýsingar á að birta þannig að þær henti ólíkum hópum. Til dæmis á netinu. Eða í prenti. Eða á annan hátt. Þannig gagnast upp-lýsingarnar flestum. Líka þeim sem kunna ekki íslensku. Eða eru að byrja að læra íslensku.
- Þjónusta ríkisins og sveitar-félaga á að fylgja þörfum sam-félagsins. Þegar sam-félagið breytist á þjónustan að breytast með.
- Þegar við ákveðum hvernig Ísland á að vera í fram-tíðinni skiptir máli að við vitum hvernig Ísland er núna. Til dæmis þurfum við að vita hver búa í landinu. Upp-lýsingar um inn-flytjendur þurfa þess vegna að vera góðar. Svo það sé hægt að mæta þeirra þörfum

líka. Það skiptir þess vegna máli að gera rannsóknir sem nýtast.

- Þegar við ákveðum hvernig Ísland á að vera í fram-tíðinni skiptir máli að við vitum hvernig Ísland er núna. Til dæmis þurfum við að vita hver búa í landinu. Upp-lýsingar um inn-flytjendur þurfa þess vegna að vera góðar. Svo það sé hægt að mæta þeirra þörfum líka. Það skiptir þess vegna máli að gera rannsóknir sem nýtast.
- Margir inn-flytjendur hafa verið í skólum erlendis. Þar eru hlutirnir stundum öðru-vísi en á Íslandi. Þá getur verið erfitt að meta menntun fólks þegar það flytur hingað. Það á að gera þetta auð-veldara. Þá geta inn-flytjendur notað sína menntun til dæmis í vinnunni.
- Nota á upp-lýsingar um íslenskan vinnu-markað til að auka aðgengi inn-flytjenda.

### Upp-lýsingar og þjónusta:

Stóra markmið 2 snýst um upp-lýsingar, aðgengi og þjónustu. Þetta þrennt á að styðja við inn-gildingu í sam-félaginu. Það á ekkert að stoppa fólk í að fá þær upp-lýsingar eða þjónustu sem það þarf.

Það hjálpar fólki að vera sjálf-stætt. Og í að koma sér fyrir á Íslandi. Það getur þá nýtt þau tæki-færi sem eru í boði og fengið fleiri tæki-færi.

Þjónusta snýst mikið um að veita upp-lýsingar. Þjónustan á að vera aðgengileg fyrir öll. Upp-lýsingarnar líka.

### Menntun:

Menntun skiptir miklu máli. Bæði fyrir inn-flytjendur og fyrir sam-félagið. Það er best ef inn-flytjendur geta notað sína menntun. Það eykur líka aðgengi þeirra að vinnu-markaðnum.

Það eiga líka að vera til upp-lýsingar um hvernig menntun og starfs-fólk vantar á Íslandi. Þá sést hvaða tæki-færi eru í boði. Fólk með þá menntun getur þá nýtt sér tæki-færið. Og flutt til Íslands til að vinna.

### Rannsóknir:

Þegar við vitum meira getum við tekið betri ákvarðanir. Þess vegna á að rannsaka málefni inn-flytjenda. Og nota þekkinguna sem verður til.

## Markmið undir stóra markmiði 2

Undir stóra markmiði 2 eru sex mælan-leg markmið. Þau byggja á því hvað hægt er að mæla. Þau eru:

### Tafla 3 - Markmið undir stóra markmiði 2

- 2.1 Það á að vera einfalt fyrir nýja íbúa að fá upp-lýsingar.
- 2.2 Flóttu-fólk á að fá góða þjónustu strax frá byrjun.

- 2.3 Það á að meta menntun frá útlöndum. Og nota raun-færni-mat.
- 2.4 Það á að rannsaka málefni inn-flytjenda. Og miðla þekkingu.
- 2.5 Skólar á Íslandi eiga að henta öllum börnum og ung-mennum. Sama hvaða tungu-mál þau tala. Eða hvaða menningu þau tilheyra.
- 2.6 Inn-flytjendur eiga að vera jafnir öðrum með hús-næði.

## Markmið 2.1

Það á að vera einfalt fyrir nýja íbúa að fá upp-lýsingar.

### Tilgangur og áhrif markmiðs

Þegar fólk flytur til Íslands þarf það að læra á nýtt sam-félag. Þá þarf það að fá góðar upp-lýsingar. Til dæmis um hvaða þjónusta er í boði. Hvernig kerfin virka á Íslandi. Hvað þau þurfa að gera. Og hvaða rétt þau hafa.

Ef þetta er auð-velt er fólk fljótara að læra sjálft. Þá getur það tekið góðar ákvarðanir fyrir sjálft sig. Þá þarf það líka minni stuðning.

Inn-flytjendum finnst þetta oft mjög flókið. Og að þetta taki langan tíma. Þá eru þau lengur að byrja að taka þátt í sam-félaginu. Til dæmis að byrja í skóla. Eða íþróttum. Eða að fá góða vinnu sem hentar þeim.

Það þarf að vera auð-velt að fá upp-lýsingar svo fólk viti hvað það á að gera. Annars getur orðið mis-skilningur. Og fólk gert mis-tök.

Vinnu-mála-stofnun rekur upp-lýsinga-þjónustu fyrir inn-flytjendur. <https://mcc.is/> er vef-síða þar sem hægt er að finna flestar upp-lýsingar á einum stað. Það er líka hægt að hringja í upp-lýsinga-þjónustuna. Og mæta á staðinn.

### Hverjir eru mæli-kvarðarnir fyrir þetta markmið?

A. Fjöldi þeirra sem notar upp-lýsinga-þjónustuna.

a. Hver er staðan árið 2024?

Nýjustu tölur eru frá árinu 2022. Þá var þjónustan notuð 500 sinnum í hverjum mánuði.

b. Hver á staðan að vera árið 2038?

Þá á þjónustan að vera notuð 1.500 til 2.000 sinnum á mánuði.

c. Hver ber ábyrgð á þessum mæli-kvarða?

Vinnu-mála-stofnun.

B. Könnun á því hvort inn-flytjendur viti af upp-lýsinga-þjónustunni. Og hvort þeir noti hana.

Líka hvort þeim finnst þeir þurfa hana.

a. Hver er staðan árið 2024?

Það er ekki búið að gera könnun á þessu. Hana á að gera á fimm ára fresti.

b. Hver á staðan að vera árið 2038?

75% inn-flytjenda eiga að þekkja upp-lýsinga-þjónustu inn-flytjenda.

c. Hver ber ábyrgð á þessum mæli-kvarða?

Félags- og vinnu-markaðs-ráðuneytið.

## Markmið 2.2

### Flóttta-fólk á að fá góða þjónustu strax frá byrjun

#### Tilgangur og áhrif markmiðs

Flóttta-fólk hafði það mjög slæmt í landinu sem það bjó í. Þess vegna þarf það sér-staka aðstoð þegar það flytur til nýs lands. Á Íslandi hjálpast nokkrir aðilar að við að taka á móti flóttta-fólki. Það eru félags-þjónustan, Vinnu-mála-stofnun og félaga-samtök. Sú þjónusta sem þau veita heitir „sam-ræmd mót-taka flóttta-fólks“.

Þessi þjónusta á að hjálpa fólki að líða betur. Og hjálpa þeim að komast inn í sam-félagið. Til dæmis með því að hjálpa þeim að finna vinnu. Eða að komast í skóla. Þetta er mjög stórt verk-efni.

Það skiptir máli að flóttta-fólk fái þessa þjónustu fljótt. Og að þjónustan henti þeim. Annars verður erfitt fyrir flóttta-fólk að verða hluti af sam-félaginu.

Þess vegna er markmið 2.2 að flóttta-fólk fái góða þjónustu strax frá byrjun.

#### Hverjir eru mæli-kvarðarnir fyrir þetta markmið?

- A. Hlut-fall flóttta-fólks sem nýtir sér þjónustuna á hverju ári.
  - a. Hver er staðan árið 2024?  
Það voru tafir árið 2022 og þess vegna eru tölurnar ekki réttar. Talan árið 2023 er því 108%
  - b. Hver á staðan að vera árið 2038?

80% flótta-fólks á að nýta sér þjónustuna.

- c. **Hver ber ábyrgð á þessum mæli-kvarða?**  
Vinnu-mála-stofnun.

B. Hlut-fall flótta-fólks sem fær kennslu í íslensku á fyrsta árinu sínu á Íslandi. Kennsla í íslensku tákni-máli er talin með. Það á líka að mæla hvað þau fá mikla kennslu.

- a. **Hver er staðan árið 2024?**

75% flótta-fólks fær kennslu í íslensku. Kennslan er yfir-leitt 80 klukku-tímar á mann.

- b. **Hver á staðan að vera árið 2038?**

90% flótta-fólks á að fá kennslu í íslensku. Kennslan á að vera 440 klukku-tímar á mann.

- c. **Hver ber ábyrgð á þessum mæli-kvarða?**  
Vinnu-mála-stofnun.

C. Hlut-fall flótta-fólks sem fær sam-félags-fræðslu á fyrsta árinu sínu á Íslandi.

- a. **Hver er staðan árið 2024?**

39% flótta-fólks fær sam-félags-fræðslu.

- b. **Hver á staðan að vera árið 2038?**

90% flótta-fólks á að fá sam-félags-fræðslu.

- c. **Hver ber ábyrgð á þessum mæli-kvarða?**  
Vinnu-mála-stofnun.

D. Hlut-fall flótta-fólks sem fær þjónustu tengda skóla og vinnu.

Það er til dæmis hjálp við að fá nám í útlöndum metið. Eða hjálp við að finna sér nám eða vinnu á Íslandi.

- a. Hver er staðan árið 2024?  
Það er ekki vitað.
- b. Hver á staðan að vera árið 2038?  
90% flóttu-fólks á að fá þessa þjónustu.
- c. Hver ber ábyrgð á þessum mæli-kvarða?  
Vinnu-mála-stofnun.

## Markmið 2.3

Það á að meta menntun frá útlöndum. Og nota raun-færni-mat.

### Tilgangur og áhrif markmiðs

Margir inn-flytjendur eiga erfitt með að fá menntun sína og reynslu metna á Íslandi. Það getur tekið langan tíma að fá menntun metna. Þá getur fólk misst af tæki-færum. Það er heldur ekki gott fyrir fyrir-tæki á Íslandi. Eða stofnanir. Það getur verið erfitt fyrir þau að ráða inn-flytjendur í góð störf sem henta þeim.

Vanda-málið er að þú þurfa inn-flytjendur að vinna störf sem henta þeim ekki. Eða þá að þeir flytja eitt-hvert annað þar sem þeir geta notað sína menntun. Margir inn-flytjendur eru í þessari stöðu á Íslandi. Þetta þarf að laga. Þá getur fólk nýtt hæfi-leika sína og tæki-færi. Það er líka gott fyrir sam-félagið.

Nú er búið að opna þjónustu sem metur nám. Bæði verk-legt nám eins og iðn-greinar. Til dæmis fyrir smíði, pípara og þannig störf. Og fyrir há-skóla-nám. Eins og til dæmis hag-fræðingar eða kennarar eru með. Markmiðið er að mæla hvernig þessi þjónusta virkar. Þá er hægt að nota mælingarnar til að gera þjónustuna betri.



Sumir inn-flytjendur hafa ekki verið lengi í skóla. Þeir geta farið í raun-færni-mat til að fá reynslu sína metna. Þá er farið yfir starfs-reynslu þeirra og skoðað hvað þeir kunna. Eftir raun-færni-matið geta þeir þá farið í skóla. Eða fengið reynsluna metna í vinnunni.

### Hverjir eru mæli-kvarðarnir fyrir þetta markmið?

- A. Hversu langan tíma það tekur að meta nám frá útlöndum.
  - a. Hver er staðan árið 2024?  
Það á eftir að skoða það.
  - b. Hver á staðan að vera árið 2038?  
Þetta á að taka styttri tíma en árið 2024.
  - c. Hver ber ábyrgð á þessum mæli-kvarða?  
Há-skóla-, iðnaðar- og ný-sköpunar-ráðuneytið.
- B. Hlut-fall menntunar sem er metin. Hlut-fall menntunar sem er ekki metin. Og hvers vegna.
  - a. Hver er staðan árið 2024?  
Það á eftir að skoða það.
  - b. Hver á staðan að vera árið 2038?  
Hún á að vera betri en árið 2024.
  - c. Hver ber ábyrgð á þessum mæli-kvarða?  
Há-skóla-, iðnaðar- og ný-sköpunar-ráðuneytið.
- C. Hlut-fall menntaðra inn-flytjenda í vinnu sem þarf ekki menntun til að vinna. Bera saman við hlut-fall inn-lendra í sömu stöðu.
  - a. Hver er staðan árið 2024?

42% menntaðra inn-flytjenda eru í vinnu sem þarf ekki menntun til að vinna.  
10% menntaðra inn-lendra eru í vinnu sem þarf ekki menntun til að vinna.

Munurinn er sem sagt fjór-faldur.

**b. Hver á staðan að vera árið 2038?**

Munurinn á ekki að vera meira en tvö-faldur.

**c. Hver á að mæla þetta?**

Þetta er mælt í könnun sem Efna-hags- og fram-fara-stofnunin (OECD) gerir reglulega.

**D. Hlut-fall inn-flytjenda af þeim sem klára raun-færni-mat.**

**a. Hver er staðan árið 2024?**

Nýjustu tölur eru frá 2022. Þá voru 14% þeirra sem kláruðu raun-færni-mat inn-flytjendur.

**b. Hver á staðan að vera árið 2038?**

Þetta hlut-fall á að vera það sama og hlut-fall inn-flytjenda á Íslandi.

**c. Hver ber ábyrgð á þessum mæli-kvarða?**

Fræðslu-sjóður.

**E. Hlut-fall inn-flytjenda með stutta skóla-göngu sem fara í raun-færni-mat.**

**a. Hver er staðan árið 2024?**

Það er ekki vitað.

**b. Hver á staðan að vera árið 2038?**

Helmingur þessa hóps á að fara í raun-færni-mat. Öllum á að vera boðið í raun-færni-mat.

- c. Hver ber ábyrgð á þessum mæli-kvarða?  
Vinnu-mála-stofnun.

## Markmið 2.4

Það á að rannsaka málefni inn-flytjenda. Og miðla þekkingu.

### Tilgangur og áhrif markmiðs

Íslenskt sam-félag breytist hratt. Til dæmis vegna þess að hér eru margir inn-flytjendur. Til að taka góðar ákvarðanir og veita góða þjónustu þarf að skoða þessar breytingar.

Nú á að styðja meira við rannsóknir á málefnum inn-flytjenda. Og miðlun á þeim rannsóknum.

Hverjir eru mæli-kvarðarnir fyrir þetta markmið?

- A. Hve miklir peningar fara í rannsóknir á málefnum inn-flytjenda. Miðað við hve margir inn-flytjendur eru á Íslandi. Þegar inn-flytjendum fjölgar á að nota meiri peninga í rannsóknir.
- a. Hver er staðan árið 2024?**  
Fyrir hverja 1.000 inn-flytjendur fara 694.000 krónur í rannsóknir. Þróunarsjóður inn-flytjenda-mála gefur þessa peninga.
  - b. Hver á staðan að vera árið 2038?**  
Það eiga að fara jafn miklir peningar í rannsóknir og árið 2024. Eða meiri.

- c. Hver ber ábyrgð á þessum mæli-kvarða?  
Félags- og vinnu-markaðs-ráðuneytið.
- B. Fjöldi rannsókna á málum inn-flytjenda.
- a. Hver er staðan árið 2024?  
Það er ekki vitað. En það verður skoðað.
  - b. Hver á staðan að vera árið 2038?  
Rannsóknir eiga að vera 10% fleiri.
  - c. Hver ber ábyrgð á þessum mæli-kvarða?  
Félags- og vinnu-markaðs-ráðuneytið.
- C. Það á að safna rannsóknum saman og miðla þeirri þekkingu sem verður til.
- a. Hver er staðan árið 2024?  
Það er enginn sem gerir þetta með rannsóknir á málum inn-flytjenda og flóttu-fólks.
  - b. Hver á staðan að vera árið 2038?  
Það á að vera hópur af fólki sem er virkur í að miðla rannsóknum svo þær nýtist vel.
  - c. Hver ber ábyrgð á þessum mæli-kvarða?  
Félags- og vinnu-markaðs-ráðuneytið.

## Markmið 2.5

Skólar á Íslandi eiga að henta öllum börnum og ung-mennum. Sama hvaða tungu-mál þau tala. Eða hvaða menningu þau tilheyra.

## Tilgangur og áhrif markmiðs

Inn-flytjendur koma frá mörgum ólíkum löndum. Þeir hafa því alls konar menningu og tala ólík tungu-mál.

Inn-flytjendum gengur almennt verr í skóla en inn-lendum. Sumir hætta því í fram-halds-skóla til dæmis. Það minnkar tæki-færi þeirra í fram-tíðinni. Og getur dregið úr þátt-töku í sam-félaginu.

Þess vegna stendur í mennta-stefnu Íslands að það eigi að styðja inn-flytjendur betur í námi. Til dæmis með því að búa til betra náms-efni í íslensku. Og passa upp á að inn-flytjendum líði vel í skóla. Þá eru meiri líkur á að nemandi í grunn-skóla haldi áfram í fram-halds-skóla og há-skóla.

Inn-flytjendur eru ekki allir eins. Það þarf að taka til-lit til þess að fólk kemur frá ólíkum löndum. Það sem hentar nemanda frá Evrópu getur verið öðru-vísi en það sem hentar nemanda frá Asíu.

Það þarf að jafna tæki-færin í skólum til að ungir inn-flytendur verði ekki út-undan. Þá gæti stétt-skipting orðið meiri.

### Hverjir eru mæli-kvarðarnir fyrir þetta markmið?

A. Kannanir og rannsóknir sem er nú þegar verið að nota. Til dæmis PISA-könnunina sem mælir getu í lestri, stærð-fræði og vísindum. Íslenska æsku-lýðs-rannsóknin er líka gagn-leg. Og fleiri mats-tæki.

#### a. Hver er staðan árið 2024?

Nýjustu niður-stöður fyrir PISA-könnunina má sjá hér:

[https://mms.is/sites/mms.is/files/pisa\\_2022\\_helsta\\_island.pdf](https://mms.is/sites/mms.is/files/pisa_2022_helsta_island.pdf)

Íslensku æsku-lýðs-rannsóknina má lesa á [www.iae.is](http://www.iae.is)

**b. Hver á staðan að vera árið 2038?**

Fram-farir eiga að verða miðað við 2024.

**c. Hver ber ábyrgð á þessum mæli-kvarða?**

Mennta- og barna-mála-ráðuneytið.

**B. Fjöldi inn-flytjenda á aldrinum 18-24 ára sem klára fram-halds-skóla. Flokkað eftir kyni, bak-grunni og aldri.****a. Hver er staðan árið 2024?**

Nýjustu tölur eru frá 2022. Hér eru bara taldir inn-flytjendur á aldrinum 18-24 ára. 163 inn-flytjendur af fyrstu kyn-slóð kláruðu fram-halds-skóla.

74 inn-flytjendur af annarri kyn-slóð kláruðu fram-halds-skóla.

**b. Hver á staðan að vera árið 2038?**

Þessi fjöldi á að hækka um þriðjung.

**c. Hver ber ábyrgð á þessum mæli-kvarða?**

Hag-stofa Íslands.

**C. Fjöldi inn-flytjenda sem ljúka námi í háskóla. Meðal annars doktors-námi.****a. Hver er staðan árið 2024?**

Nýjustu tölur eru frá 2022:

462 inn-flytjendur af fyrstu kyn-slóð luku háskóla-námi.

16 inn-flytjendur af annari kyn-slóð luku háskóla-námi.

33 inn-flytjendur af fyrstu kyn-slóð luku doktors-námi.

0 inn-flytjendur af annari kyn-slóð luku doktors-námi.

Athugið: Inn-flytjendur af annarri kyn-slóð eru enn frekar ungir og ekki endi-lega byrjaðir í doktors-námi.

**b. Hver á staðan að vera árið 2038?**

Fyrst þarf að skoða hversu margir inn-flytjendur eru í hverjum ár-gangi sem mun fara í há-skóla næstu árin. Þá er hægt að setja raun-hæf markmið. Lág-markið er að það verði engin fækkun.

**c. Hver ber ábyrgð á þessum mæli-kvarða?**  
Hag-stofa Íslands.

**D. Fjöldi skóla sem meta nám barna í þeirra móður-máli sam-kvæmt aðal-náms-skrá.**

**a. Hver er staðan árið 2024?**

Það er ekki vitað. Þetta verður talið þegar stefnan er til-búin.

**b. Hver á staðan að vera árið 2038?**

Það verður ákveðið þegar búið er að telja fyrir árið 2024.

**c. Hver ber ábyrgð á þessum mæli-kvarða?**  
Mennta- og barna-mála-ráðuneytið.

## Markmið 2.6

**Inn-flytjendur eiga að vera jafnir öðrum með hús-næði.**

### Tilgangur og áhrif markmiðs

Það skiptir miklu máli að búa í öruggu hús-næði. Það gildir líka um alla. Líka inn-flytjendur. Það er auð-veldara að verða hluti af sam-félaginu ef maður býr lengi á sama stað. Og þarf ekki að hafa áhyggjur af því hvar maður muni búa. Eða þarf að vinna mjög mikið til að borga háa leigu.

Á Íslandi ríkir núna hús-næðis-skortur. Það þýðir að það er ekki nóg af í-búðum og húsum fyrir öll heimilin á landinu. Fólki á landinu hefur fjölgað meira en hús-næði.

Inn-flytjendur hafa sjaldan sömu tengsl og sömu stöðu og inn-lendir. Því getur hús-næðis-skortur verið erfiðari fyrir þá. Margir inn-flytjendur leigja hús-næði sitt. Og sumir vita ekki að þeir eigi rétt á stuðningi.

Ein leið til að bæta stöðu inn-flytjenda er að láta þá vita af rétti sínum. Öruggt hús-næði er hluti af inn-gildandi sam-félagi. Ó-jöfnuður hefur slæm áhrif á fólk. Bæði félags-lega og á fjár-haginn.

### Hverjir eru mæli-kvarðarnir fyrir þetta markmið?

- A. Hlut-fall fólks sem leigir hús-næði. Bera saman bera saman inn-flytjendur og inn-lenda.
  - a. Hver er staðan árið 2024?  
Tölurnar eru til. En það á eftir að bera saman inn-flytjendur og inn-lenda.
  - b. Hver á staðan að vera árið 2038?  
Það verður ákveðið þegar búið er að bera saman tölurnar.
  - c. Hver ber ábyrgð á þessum mæli-kvarða?  
Hag-stofa Íslands og Hús-næðis- og mann-virkja-stofnun.
- B. Hlut-fall fólks sem á hús-næði. Bera saman inn-flytjendur og inn-lenda.
  - a. Hver er staðan árið 2024?  
Tölurnar eru til. En það á eftir að bera saman inn-flytjendur og inn-lenda.





## 2.2.4 Stórt markmið 3 – Sam-skipti og tungu-mál

3 Börn og full-orðnir eiga að geta fengið góða kennslu í íslensku. Kennslan á að henta öllum. Inn-flytjendur eiga að geta talað íslensku. Til dæmis í dag-legu lífi. Og í skólanum eða vinnunni.

- Á Íslandi er þjóð-tungan íslenska og íslenskt tákni-mál.
- Íslenska er stór hluti af menningu landsins. Hana þarf að passa upp á. Íslenskan hjálpar fólki að hafa jöfn tæki-færi.
- Við notum tungu-málið til að eiga í sam-skiptum við annað fólk. Þannig tökum við þátt í sam-félaginu.
- Inn-flytjendur eiga að hafa aðgang að fjölbreyttu námi í íslensku. Námið á að henta ólíkum hópum fólks. Sam-félagið á að hvetja til þess að fólk tali íslensku.
- Það á ekki að skipta máli hvar maður býr. Öll eiga að geta fengið kennslu í íslensku. Í borgum, í bæjum og úti í sveit. Kennslan á að vera jafn-góð alls staðar. Fólk á líka að vita hvað það þarf að læra til að taka þátt í sam-félaginu.
- Kennsla í íslensku sem annað mál á að vera góð. Alveg frá leik-skóla upp í há-skóla.

- Það á að fylgjast með árangrinum af kennslu í íslensku. Og því hvernig hún nýtist fólki á öllum stigum.

## Tungu-málið er lykillinn

Sam-félag snýst um sam-skipti. Tungu-málið er einn lykill að sam-skiptum. Fólk þarf að eiga sam-skipti til að taka þátt í sam-félaginu. Þess vegna er lögð áhersla á tungu-málið í stóra markmiði 3. Inn-flytjendur eiga að hafa tæki-færi til að læra íslensku og nota hana. Það sama gildir um íslenskt tákn-mál.

## Inn-flytjendur vilja læra íslensku

Talað var við marga inn-flytjendur á Íslandi. Þeir vildu gjarnan læra íslensku. Margir þeirra voru sam-mála um að það vanti tæki-færi til að læra íslensku. Það vantar líka hvatningu. Inn-flytjendur sem búa úti á landi hafa svo enn færri tæki-færi til að læra íslensku.

## Fjöl-breytni

Inn-flytjendur eru alls konar. Þess vegna þurfa að vera til alls konar leiðir til að læra íslensku. Þá getur hver og einn fundið leið sem hentar þeim. Svo er líka skemmti-legra að læra á fjöl-breyttan hátt.

## Hvatning og skilningur

Inn-lendir geta hjálpað til. Það er með því að sýna fólki skilning þegar það er að læra tungu-málið. Og hvetja fólk áfram. Það er hægt að gera til dæmis með því að sýna þolin-mæði. Og ekki skipta um tungu-mál um leið og maður heyrir hreim eða mál-villu.

Íslenska getur nefni-lega verið alls konar. Fólk lærir íslensku ekki bara í skóla-stofum. Það lærir líka með því að tala íslensku í tóm-stundum. Og í vinnunni. Sam-félagið allt er því eins konar íslensku-kennari.

## Íslenska sem annað mál

Kennsla í íslensku sem annað mál er fyrir þau sem hafa annað móður-mál en íslensku. Sú kennsla þarf að vera öðru-vísi en kennslan sem flest þekkja úr grunn-skóla. Eða fram-halds-skóla. Hin Norður-löndin eru orðin mjög góð í að kenna inn-flytjendum tungu-málin sín.

Það er ekki langt síðan nám í íslensku sem annað mál varð vinsælt. Kennslan á þess vegna eftir að þróast mikið. Þá þarf að passa að hún verði áfram góð. Og að skólar og kennarar noti sömu við-mið. Þá er hægt að læra margt og bæta bæði nám og kennslu.

## Markmið undir stóra markmiði 3

Undir stóra markmiði 3 eru fimm mælan-leg markmið. Þau byggja á því hvað hægt er að mæla. Þau eru:

## Tafla 4 - Markmið undir stóra markmiði 3

- 3.1 Það á að vera gott fram-boð af íslensku-námi um allt land.
- 3.2 Íslensku-nám á að vera gott.
- 3.3 Inn-lendir eiga að sýna inn-flytjendum skilning þegar þeir tala íslensku. Og hvetja þá til þess.
- 3.4 Íslensku-nám á að vera aðgengi-legt og sveigjan-legt.
- 3.5 Íslensku-nám á að vera eins metið alls staðar.

### Markmið 3.1

Það á að vera gott fram-boð af íslensku-námi um allt land.

#### Tilgangur og áhrif markmiðs

Inn-flytjendur eru sam-mála um að það sér erfitt að finna íslensku-nám sem er aðgengilegt. Þess vegna þarf að búa til fleiri leiðir fyrir fólk til að læra íslensku. Og íslenskt tákn-mál. Það mun hafa mikil áhrif á mögu-leika inn-flytjenda til að fá og nýta tæki-færi.

Vinnu-staðir geta hjálpað. Til dæmis með því að bjóða upp á íslensku-nám í vinnunni. Eða á vinnu-tíma. Á mörgum vinnu-stöðum er enska notuð í sam-skiptum. Þetta gæti breyst. Þá fengju inn-flytjendur fleiri tæki-færi til að læra og nota íslensku.

## Hverjir eru mæli-kvarðarnir fyrir þetta markmið?

- A. Fjöldi nám-skeiða í íslensku. Og hversu margir geta verið á þeim. Og hvaða náms-leiðir eru í boði. Taka líka með á hvaða stigi nám-skeiðin eru. Skoða stað-setningu nám-skeiða. Og bera saman við fjölda inn-flytjenda á hverju land-svæði.
- Hver er staðan árið 2024?**

Það er vitað hversu mörg nám-skeið fá opin-beran stuðning. En það á eftir að greina þetta nánar.
  - Hver á staðan að vera árið 2038?**

Það á að vera meira fram-boð af nám-skeiðum. Nám-skeið eiga að vera fjöl-breyttari. Það á að vera aðgengi um allt landið.
  - Hver ber ábyrgð á þessum mæli-kvarða?**

Félags- og vinnu-markaðs-ráðuneytið.
- B. Skoða hvaða nám-skeið í íslensku tákni-máli eru í boði fyrir döff inn-flytjendur.
- Döff** er orð yfir heyrnar-laust fólk sem hefur tákni-mál sem sitt fyrsta mál.
- Hver er staðan árið 2024?**

Það er verið að skoða það.
  - Hver á staðan að vera árið 2038?**

Allir döff inn-flytjendur eiga að geta farið á nám-skeið í íslensku- tákni-máli.
  - Hver ber ábyrgð á þessum mæli-kvarða?**

Sam-skipta-mið-stöð heyrnar-lausra og heyrnar-skertra.

- C. Fjöldi vinnu-staða sem bjóða upp á vinnu-tengt nám í íslensku. Hlut-fall inn-flytjenda sem getur farið á þannig nám-skeið.
- Hver er staðan árið 2024?**  
Það á eftir að mæla það.
  - Hver á staðan að vera árið 2038?**  
Fleiri vinnu-staðir eiga að bjóða upp á nám-skeið í íslensku.
  - Hver ber ábyrgð á þessum mæli-kvarða?**  
Félags og vinnu-markaðs-ráðuneytið.

## Markmið 3.2

### Íslensku-nám á að vera gott.

#### Tilgangur og áhrif markmiðs

Íslensku-nám er í mikilli þróun. Markmiðið er að námið verði áfram gott. Og ákveða hvernig gæðin verða mæld. Það er meðal annars til að passa að íslensku-nám sé jafn-gott alls staðar á landinu.

Ein leið til þess er að nota mæli-kvarða sem er notaður í Evrópu. Það eru kennslu- og færni-viðmið Sam-evrópska tungu-mála-rammans. Þau eru stundum kölluð CEFR. Þar er færni í tungu-málum skipt upp í sex færni-stig. Þeir eru A1, A2, B1, B2, C1 og C2. Í þessu kerfi er mjög skýrt hvað maður þarf að kunna í hverjum flokki.

Þetta kerfi er þegar notað sums staðar á Íslandi en nú á að nota það meira. Það á líka að þjálfra kennara í að kenna íslensku sem annað mál. Og svo á að hlusta á það hvað nemendum finnst um námið á ólíkum stöðum.

## Hverjir eru mæli-kvarðarnir fyrir þetta markmið?

- A. Fjöldi kennara með kennara-réttindi. Og hve margir hafa lært að kenna íslensku sem annað mál.
- Hver er staðan árið 2024?**  
Það vantar fleiri kennara með kennara-réttindi.
  - Hver á staðan að vera árið 2038**  
Menntaðir kennarar eiga að vera nógu margir til að sinna kennslunni.
  - Hver ber ábyrgð á þessum mæli-kvarða?**  
Þrjú ráðuneyti mæla þetta. Það eru: 1. Félags- og vinnu-markaðs-ráðuneytið. 2. Há-skóla-, iðnaðar- og ný-sköpunar-ráðuneytið. 3. Mennta- og barna-mála-ráðuneytið.
- B. Hlut-fall nám-skeiða sem fara eftir færni-stigum CEFR.
- Hver er staðan árið 2024?**  
Það á eftir að telja það.
  - Hver á staðan að vera árið 2038?**  
Öll nám-skeið sem fá styrki frá ríki eða sveitar-félögum eiga að nota CEFR mæli-kvarðann.
  - Hver ber ábyrgð á þessum mæli-kvarða?**  
Félags- og vinnu-markaðs-ráðuneytið. Og há-skóla-, iðnaðar- og ný-sköpunar-ráðuneytið.
- C. Nemendur verða spurðir um hvernig þeir meta gæði námsins síns.
- Hver er staðan árið 2024?**



Félags-vísinda-stofnun kannaði þetta.

Niður-stöðurnar eru hér:

<https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2023/11/13/Rannsoknir-og-uttektir-vegna-stefnumotunar-um-framhaldsfraedslu/>

**b. Hver á staðan að vera árið 2038?**

85% nemenda eiga að telja námið gott.

Eða mjög gott.

**c. Hver ber ábyrgð á þessum mæli-kvarða?**

Félags- og vinnu-markaðs-ráðuneytið. Og há-skóla-, iðnaðar- og ný-sköpunar-ráðuneytið.

### Markmið 3.3

Inn-lendir eiga að sýna inn-flytjendum skilning þegar þeir tala íslensku. Og hvetja þá til þess.

#### Tilgangur og áhrif markmiðs

Mörgum inn-flytjendum finnst erfitt að tala íslensku. Sér-staklega þegar þeir eru enn að læra. Það er ekki bara af því að íslenska getur verið mjög erfitt tungu-mál að tala og skilja.

Inn-flytjendur upp-lifa oft að fólk sem talar íslensku sýni þeim ekki skilning. Það getur til dæmis verið ó-þolin-mótt. Eða skipt um tungu-mál um leið og ekki er töluð full-komin íslenska.

Mörgum íslensku-mælandi finnst eins og inn-flytjendur tali íslensku ekki nógu mikið. Sam-skipti inn-lendra og inn-flytjenda eru því oft á ensku.

Það er eins og þessir hópar vilji báðir tala meiri íslensku saman. En þeir eru kannski ekki sam-mála um hvert vanda-málið sé. Eða hvað eigi að gera.

Þess vegna á núna að gera könnun á skoðunum beggja hópa. Niður-stöðurnar er svo hægt að nota til að hafa áhrif á upp-lifun fólks. Og auka notkun íslensku.

### Hverjir eru mæli-kvarðarnir fyrir þetta markmið?

- A. Gerð verður könnun á fjögurra ára fresti. Þar verður spurt um hvað bæði inn-lendum og inn-flytjendum finnst. Áhersla verður á hvaða tækifæri eru til að nota íslensku. Og hvernig hópunum finnst að tala íslensku sín á milli.
  - a. Hver er staðan árið 2024?

Það er ekki búið að gera svona könnun. En margir inn-flytjendur eru sam-mála um að það þurfi meiri skilning. Og fleiri tækifæri.
  - b. Hver á staðan að vera árið 2038?

Báðir hópar eiga að hafa já-kvæðari skoðanir.
  - c. Hver ber ábyrgð á þessum mæli-kvarða?

Félags- og vinnu-markaðs-ráðuneytið lætur gera þessa könnun.

## Markmið 3.4

Íslensku-nám á að vera aðgengi-legt og sveigjan-legt.

### Tilgangur og áhrif markmiðs

Þetta markmið tengist markmiði 3.1 um gott fram-boð af íslensku-námi um allt land. Hér er áhersla á

aðgengi og sveigjan-leika. Íslensku-nám á að henta fólki sem vinnur á ólíkum tímum dagsins. Til dæmis fólki í vakta-vinnu. Það þarf líka að vera til fjar-nám fyrir þau sem búa úti á landi. Svo á líka að fjölga snjall-lausnum sem hjálpa fólki í íslensku-námi.

### Hverjir eru mæli-kvarðarnir fyrir þetta markmið?

- A. Fjöldi plássna í fjar-námi borið saman við fjölda inn-flytjenda.
- Hver er staðan árið 2024?**  
Það er ekki vitað. Það verður mælt.
  - Hver á að staðan að vera árið 2038?**  
Það verður ákveðið þegar vitað er hver staðan er í dag.
  - Hver ber ábyrgð á þessum mæli-kvarða?**  
Félags- og vinnu-markaðs-ráðuneytið.
- B. Fram-boð af íslensku-námi á ólíkum tímum dagsins. Flokkað eftir lands-svæðum og fjölda inn-flytjenda á hverju svæði.
- Hver er staðan árið 2024?**  
Það er ekki vitað. Það verður mælt.
  - Hver á að staðan að vera árið 2038?**  
Það verður ákveðið þegar vitað er hver staðan er í dag.
  - Hver ber ábyrgð á þessum mæli-kvarða?**  
Félags- og vinnu-markaðs-ráðuneytið.
- C. Fjöldi snjall-lausna sem hjálpa fólki að nota og læra íslensku.
- Hver er staðan árið 2024?**  
Það er ekki vitað. Það verður mælt.
  - Hver á að staðan að vera árið 2038?**  
Það verður ákveðið þegar vitað er hver staðan er í dag.

- c. Hver ber ábyrgð á þessum mæli-kvarða?  
Félags- og vinnu-markaðs-ráðuneytið.

## Markmið 3.5

### Íslensku-nám á að vera eins metið alls staðar

#### Tilgangur og áhrif markmiðs

Það á að inn-leiða einn mæli-kvarða fyrir færni í íslensku. Hann eiga allir viður-kenndir mála-skólar að nota. Þá er auð-veldara að bera þá saman. Og setja skýr við-mið um hvað telst gott nám í íslensku. Þá er líka skýrara hversu gott fólk er í íslensku þegar það sækir til dæmis um vinnu eða nám.

Mæli-kvarðinn sem á að nota heitir kennslu- og færni-viðmið Sam-evrópska tungu-mála-rammans. Hann er oft skamm-stafaður CEFR. Hann er notaður víða í Evrópu. Fólk getur þá borið saman færni sína í ólíkum tungu-málum.

#### Hverjir eru mæli-kvarðarnir fyrir þetta markmið?

- A. Opin-bert stöðu-próf í íslensku á að vera í boði um allt land.
- Hver er staðan árið 2024?**  
Það er ekki hægt að taka svona próf.
  - Hver á staðan að vera árið 2038?**  
Prófið verður reglu-lega í boði. Hægt verður að taka það í öllum lands-hlutum.
  - Hver ber ábyrgð á þessum mæli-kvarða?**  
Há-skóla-, iðnaðar- og ný-sköpunar-ráðuneytið.

- B. Þegar nemendur klára nám-skeið í íslensku eiga þeir að fá stað-festingu á færni sinni. Stað-festingin á að fara eftir CEFR-við-miðunum.
- Hver er staðan árið 2024?**  
Það er ekki vitað.
  - Hver á staðan að vera árið 2038?**  
Allir viður-kenndir mála-skólar eiga að nota þennan mæli-kvarða.
  - Hver ber ábyrgð á þessum mæli-kvarða?**  
Félags- og vinnu-markaðs-ráðuneytið.
- C. Fólk á að hafa aðgang að ókeypis sýni-prófum á netinu. Þá getur það sjálft skoðað hversu gott það er í íslensku.
- Hver er staðan árið 2024?**  
Sýni-próf eru ekki til á netinu.
  - Hver á staðan að vera árið 2038?**  
Sýni-próf eiga að vera á netinu. Það á að vera auð-velt að finna þau. Þau eiga að vera upp-færð reglu-lega.
  - Hver ber ábyrgð á þessum mæli-kvarða?**  
Há-skóla-, iðnaðar- og ný-sköpunar-ráðuneytið.

## 3. Viðaukar

### 3.1 Yfir-lit yfir markmiðin og áhrif þeirra

Í töflunni hér fyrir neðan er listi yfir öll markmiðin. Þau snúast öll um að inn-flytjendur hafi jafn góð tæki-færi og aðrir.

Þessi markmið tengjast ólíkum hlutum í sam-félaginu. Þau sýna til hvers er ætlast af inn-flytjendum og hvaða stuðningur er í boði.

Saman miða þessi markmið að inn-gildandi sam-félagi fyrir öll. Inn-flytjendur eiga að geta kallað Ísland heimili sitt.

Inn-flytjendur eiga líka að geta lifað lífi sínu eins og þeir vilja.

Með því að setja þessi markmið er búin til skýr fram-tíðar-sýn. Það er gert ráð fyrir því að sam-félagið sé fjöl-breytt.

Ákvarðanir eru teknar með þessi markmið í huga svo fram-tíðar-sýnin geti orðið að veru-leika.

## Tafla 5 - Heildar yfirlit markmiða í stefnu í málefnum inn-flytjenda

Númer	Markmið
1.1	Inn-flytjendur taka virkan þátt í kosningum á Íslandi. Þátt-taka inn-flytjenda á að vera eins og hjá inn-lendum.
1.2	Inn-flytjendur hafa jöfn tæki-færi og aðrir til að taka þátt í sam-félaginu.
1.3	Fólk hefur gott viðhorf til inn-flytjenda. Fólk veit hvað fjöl-menning og inn-gilding er.
1.4	Inn-flytjendur eru ekki fátækari en aðrir.
1.5	Inn-flytjendur vinna hjá ríkinu og sveitar-félögum.
1.6	Ríkis-útvarpið sýnir að sam-félagið sé fjöl-breytt.
2.1	Það á að vera einfalt fyrir nýja íbúa að fá upp-lýsingar.
2.2	Flóttu-fólk á að fá góða þjónustu strax frá byrjun.
2.3	Það á að meta menntun frá útlöndum. Og nota raun-færni-mat.
2.4	Það á að rannsaka málefni inn-flytjenda. Og miðla þekkingu.
2.5	Skólar á Íslandi eiga að henta öllum börnum og ung-mennum. Sama hvaða tungu-mál þau tala. Eða hvaða menningu þau tilheyra.
2.6	Inn-flytjendur eiga að vera jafnir öðrum með hús-næði.
3.1	Það á að vera gott fram-boð af íslensku-námi um allt land.
3.2	Íslensku-nám á að vera gott.

3.3	Inn-lendir eiga að sýna inn-flytjendum skilning þegar þeir tala íslensku. Og hvetja þá til þess.
3.4	Íslensku-nám á að vera aðgengi-legt og sveigjan-legt.
3.5	Íslensku-nám á að vera eins metið alls staðar.

## 3.2 Hug-tök

Hér eru út-skýringar á helstu hug-tökunum sem eru notuð í þessari hvít-bók.

Orðin eru í stafrófs-röð.

**Döff** er orð yfir heyrnar-laust fólk sem hefur tákn-mál sem sitt fyrsta mál.

**Fjöl-menning:** Menning er orð yfir það hvernig við gerum hlutina. Margt er hluti af menningu. Til dæmis hvaða tungu-mál við tölum. Líka hvað við borðum og hvernig við klæðum okkur. Ólíkir hópar hafa ólíka menningu. Fjöl-menning er orð yfir sam-félag þar sem ólík menning er á sama stað. Öll eiga rétt á sinni menningu. Og að tilheyra fleiri en einni menningu.

**Flótt-fólk** er fólk sem flytur frá heima-landi sínu því það er hrætt. Flótt-fólk getur til dæmis verið hrætt við stríð. Sum eru hrædd um að verða fyrir of-beldi vegna þess hverju það trúir. Önnur eru hrædd vegna þess að þau eru hluti af hóp sem er beittur of-beldi.

**Inn-flytjandi** er mann-eskja sem býr á Íslandi en fæddist ekki á Íslandi. Foreldrar hennar og ömmur og afar fæddust ekki heldur á Íslandi.



**Inn-gilding** snýst um að öll séu hluti af sam-félaginu. Þá verður sam-félagið fjöl-breytt. Það þarf að passa að úti-loka engan og styðja þau sem flytja hingað. Sam-félagið allt ber ábyrgð á að virða fjöl-breytnina. Bæði inn-lendir og inn-flytjendur.

**Inn-lendur** er sá sem er ekki inn-flytjandi og ekki útlendingur.

**NEET** er ensk skamm-stöfun yfir ung-menni sem eru ekki í námi, vinnu eða starfs-þjálfun. NEET stendur fyrir „not in education, employment or training.“

**Útlendingur** er sá sem hefur ekki íslenskan ríkis-borgara-rétt. Það á bæði við um inn-flytjendur og þá sem heim-sækja landið í stutta stund. Til dæmis ferðamenn.

**Önnur kyn-slóð inn-flytjenda** er fólk sem fæddist á Íslandi en báðir for-eldrar þeirra eru inn-flytjendur.

